

1919 nr. 41 28. nóvember**Lög um landamerki o.fl.**

Tóku gildi 1. janúar 1920. *Breytt með:* L. 69/1954 (tóku gildi 7. maí 1954). L. 29/1965 (tóku gildi 12. júní 1965). L. 77/1978 (tóku gildi 1. jan. 1979). L. 28/1981 (tóku gildi 1. jan. 1982). L. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990). L. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.**■ 1. gr.**

□ Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurra-búða utan kaupstaða og löggiltra kaupþúna, ef skipt land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skipt er úr landi jarðar.

□ Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerða, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

□ Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttekta menn skera úr. Nú rís ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður . . . ¹⁾ í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann.

¹⁾ L. 92/1991, 6. gr.

■ 2. gr.

□ Eigandi lands eða fyrirsvarsmáður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau réttust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annarra manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirsvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framanskráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga, enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar- og stimpilgjaldi. [Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.]¹⁾

□ Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera

hana að nýju, enda séu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

¹⁾ L. 77/1978, 1. gr.

■ 3. gr.

□ Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágreiningur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt reglum, sem í 1. gr. getur.

■ 4. gr.

□ Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiptum eða á annan lögmætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og viðhald merkja samkvæmt 1.–3. gr.

□ [Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögn, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.]¹⁾

¹⁾ L. 77/1978, 2. gr.

■ 5. gr.

□ Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal [sýslumaður]¹⁾ í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

¹⁾ L. 92/1991, 6. gr.

■ 6. gr.

□ Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu [sýslumenn],¹⁾ hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrár þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrár hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal [sýslumaður]¹⁾ þá bjóða landeiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

□ [Sýslumenn og hreppstjórar skulu gefa því gætur að ákvæðum þessara laga um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sé fylgt. Verði hreppstjóri var við misbrest í þeim eignum skal hann tilkynna það sýslumanni.]¹⁾

□ [Nú berst sýslumanni tilkynning skv. 2. mgr., og skal hann þá kveðja þann eða þá sem eiga hlut að máli á sinn fund og beina því til þeirra að ráða bót á. Komi í ljós að ágreiningur sé um landamerki skal sýslumaður leita sátta um hann. Ef þau lönd, sem óvissa um landamerki varðar, standa á mörkum umdæma sýslumanna eða mörkin liggja um fleira en eitt umdæmi ákveður [ráðherra]²⁾ hvor eða hver þeirra gegni þessu starfi.]¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 6. gr. ²⁾ L. 126/2011, 2. gr.

■ 7. gr.

□ [Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum . . .]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr. ²⁾ L. 116/1990, 8. gr.

II. kafli. . . .¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 6. gr.